

Nr. 050 / 10 Laxi RE 66

Leki um borð og dreginn til hafnar

Skipaskr.nr. 6299
Smíðaður: Hafnarfirði 1981 plast
Stærð: 4,2 brl. 3,6 bt.
Mesta lengd: 6,93 m Skráð lengd: 6,83 m
Breidd: 2,48 m Dýpt: 1,32 m
Vél: Volvo Penta 119 KW,
Fjöldi skipverja: 2



Gögn:
Gögn RNS

Simma ©Hilmar Snorrason

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 26. nóvember 2010 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 11. maí 2010 var Laxi RE 66 á handfæraveiðum um 12 sml NV af Gróttu. Veður: Logn.

Nokkur slagsíða var á bátnum vegna afla en bátsverjar urðu einnig varir við að hann var orðinn óeðlilega siginn í sjó. Í ljós kom að mikill sjór var kominn bæði í vélarúmið og rými framan við það. Ræstu bátsverjar lensidælu og óskuðu eftir aðstoð.

Nærstaddur bátur kom til aðstoðar og björgunarskip frá Reykjavík og Hafnarfirði voru send af stað með dælur. Báturinn var þurrausinn og síðan dreginn til Reykjavíkur.

Við rannsókn kom fram:

- að eldri púströrstenging sem var gúmmíhosa aftur í hældrifið hafði verið blinduð þegar nýtt púströr var sett í bátinn fyrir einhverjum árum. Hosan var orðin fúin og lak þegar báturinn var lestaður meira en venjulega.

Nefndarálit:

Orsök lekans var ófullnægjandi frágangur á eldra útblástursröri.